

Skólinn heitir Tónlistarskóli Bolungarvíkur.

Tónlistarskólinn er rekinn af Bolungarvíkurkaupstað. Hann heyrir undir fræðslumálaráð sem síðan heyrir undir bæjarstjórn.

Tónlistarskóli Bolungarvíkur starfar samkvæmt **Aðalnámskrá Menntamálaráðuneytisins.**

Markmið Tónlistarskólans er að veita almenna kennslu í hljóðfæraleik og söng og stuðla að eflingu tónlistarlífs í Bolungarvík. Tónlistarskólinn er mikilvægur hluti af samfélags- og menningarlífinu í Bolungarvík.

Í skólanum er aðallega áfangaprófakerfi en kennarar meiga nota stigsprófakerfi sem var í gildi áður en áfangaprófin komu til sögunnar.

Samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla skiptist námið í þrjá megináfanga; **grunnám, miðnám og framhaldsnám** og lýkur hverjum áfanga með áfangaprófum.

Sem hluta af námi sínu sækja nemendur tíma í tónfræðagreinum ásamt sinni aðalgrein. Tónlistarskólinn leggur mikla áherslu á nótnalestur.

Í Tónlistarskóla Bolungarvíkur er hægt að taka grunn-, mið- og framhaldsnám í tónlist.

Ekki komast allir nemendur svo langt að geta lokið grunnprófi en hægt er að ljúka 1. og 2. stigi í gamla stigsprófskerfinu.

Markmið Tónlistarskólans er einnig að skapa verðmæt og varanleg áhugamál fyrir nemendur og gera þá að virkum hlustendum tónlistar og þátttakendum í tónlistarlífi.

Tónlistarskólinn starfar í samvinnu við aðrar menningar- og uppeldisstofnanir í bæjarfélaginu.

Það er hægt að vera í fullu eða hálfu námi. Fullt nám er tvisvar sinnum 30 mínútur eða einu sinni 60 mínútur í viku. Hálf nám er 30 mínútur í viku. Kennt er í einkatímum.

Skólinn stendur opinn jafnt börnum, menntaskólanemendum og fullorðnum.